

101  
28. des.

## Reglugjörð

um

### einkasölu á steinolíu.

Samkvæmt lögum nr. 77, 14. nóvember 1917, um einkasöluheimild landsstjórnarinnar á steinolíu eru hjermeð sett eftirfarandi ákvæði um einkasölu á steinolíu:

#### 1. gr.

Frá 10. febrúar 1923 má enginn nema Landsversun Íslands flytja hingað frá útlöndum neina tegund steinolíu, hvort heldur er ljósaolía, venjuleg mótrolía eða hráolía.

Ákvæði þessi taka eigi til skipa, sem koma í landhelgi og hafa innanborðs olíu, ef olíubirgðir eru eigi, að álitu lögreglustjóra, meiri en svo, að hæfilegur forði sje handa skipinu til næsta erlendis ákvörðunarstaðar, þar sem olía er fánæg.

#### 2. gr.

Olíuna selur Landsverslun Íslands kaupmönnum, kaupfjelögum, sveitarfjelögum og öðrum eftir því, sem forstjóra Landsverslunarinnar þykir við eiga.

#### 3. gr.

Olíubirgðir þær, sem fjelög eða einstakir menn kunna að eiga óseldar 10. febrúar 1923, er leyfilegt að selja til 10. ágúst 1923, en þá verður tekin nánari ákvörðun um, hvað gert skuli við þær birgðir, sem þá kunna að verða til.

#### 4. gr.

Á hvert kílógram af olíu, sem Landsverslunin selur, skal leggja  $2\frac{2}{3}$  eyris, er renni að hálfu í ríkissjóð, en að hálfu í veltufjár- og varasjóð steinolíuverslunarinnar.

Að öðru leyti skal selja olíuna fyrir það verð, er liðlega svarar innkaupsverði og öllum kostnaði.

Pegar Landsversluninni hefir safnast svo mikið veltufje, að nægi til að reka með verslunina skuldlaust, fellur gjald það, er ræðir um í 1. málsgrein þessarar greinar, að öllu leyti í ríkissjóð. Hvers árs arður, sem til kann að falla umfram hið ákveðna  $2\frac{2}{3}$  eyris gjald, leggist í veltufjár- og varasjóð Landsverslunarinnar, enda ber hann og það tap, sem verslunin kann að verða fyrir.

## 5. gr.

Forstjóri Landsverslunar Íslands annast olíuverslunina ásamt tóbaksversluninni. Tveir menn, sem ríkisstjórnin tilnefnir, skulu hafa á hendi endurskoðun allra reikninga Landsverslunarinnar, og fari sú endurskoðun fram sem mest jafnhliða bókfærslunni, og eigi sjaldnar en eftir hverja 3 mánuði.

101

28. des.

## 6. gr.

Forstjóri Landsverslunar skal í samráði við ríkisstjórnina, ákveða hvort olía skal flutt inn í trjetunnum, járntunnum eða laus í olíugeymskipum og annast, að komið verða upp á útsölustöðum, viðeigandi geymslutækjum.

## 7. gr.

Landsverslunin skal hafa útsölastaði á steinolíu á svo mörgum stöðum, sem þurfa þykir, og skulu þar jafnan vera nokkrar olíubirgðir fyrirbyggjandi, ef ekki óviðráðanlegar hindranir banna.

## 8. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum alt að 100,000 kr. og skal ólöglega innflutt steinolía upptæk og andvirðið renna í ríkissjóð.

## 9. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem með almenn lögreglumál.

## 10. gr.

Reglugjörð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta er hjermeð birt öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. desember 1922.

**Kl. Jónsson.**

---

*Oddur Hermannsson.*